

Aðalfundur Styrktarfélags Tónskóla Sigursveins 4. júní 2018

Greinargerð skólastjóra um starfsárið 2017-18

1. Innritun og yfirlit yfir fjölda nemenda

Innritun fyrir skólaárið 2017-18 fór að mestu leyti fram vorið 2017 þar sem nemendur staðfestu áframhaldandi nám áður en skóla lauk og nýir nemendur voru teknir inn áður en skrifstofu var lokað fyrir sumarfrí. Litlar breytingar urðu í haust en aðsókn er mikil í Tónskólann og langir biðlistar þó það sé talsvert mismunandi eftir hljóðfærum. Skv. tónalaunum haustið 2017 var fjöldi nemenda 589, og skiptust þeir þannig að 70 voru í forskóla, 395 á grunnstigi í hljóðfæraleik eða söng, 70 á miðstigi og 54 á framhaldsstigi. Fjöldatölur breyttust eitthvað yfir árið, nemendur færðust á milli námsáfanga, þ.a. t.d. á vorönn voru 61 nemandi í framhaldsnámi. Auk þess fengu nokkrir nemendur úr Skólahljómsveit Austurbæjar tónfræðigreinakennslu og nemendur úr Tónmenntaskólanum og Tónlistarskóla Kópavogs kennslu taka þátt í strengjasveitarstarfi skólans og Suzuki hóptímum. Um 165 börn úr 1. 2. og 7. bekk Hólabrekkuskóla fengu tónlistarkennslu í Tónskóla Sigursveins á skólaárinu. Áætlaðar raunkennslustundir skv. Tónalaunum eru 18.839 sem skiptast þannig að á grunn- og miðstigi eru 15.750 og á framhaldsstigi 3.089.

2. Breytingar í starfsmannahaldi. Þeir sem bættust í hóp kennara í vetur voru: Ásta Björg Björgvinsdóttir sem kenndi forskóla í Hraunbergi, Hafsteinn Guðmundsson sem kenndi einum fagottnemanda, Hallvarður Ásgeirsson kenndi raftónlistaráfanga, Haukur Hannes Reynisson kenndi á gítar í Dalskóla, Jane Ade Sutarjo meðleikari, Júlía Mogensen sellókenndi og Nína Margrét Grímsdóttir píanókenndi sem jafnframt tók að sér deildarstjórn í framhaldsdeild. Ingibjörg Fríða Helgadóttir kenndi spuna og söng í tónlistaráföngunum í FB. Anna Málfríðu Sigurðardóttir píanókenndi og Linda Hreggviðsdóttir blokkflautukennari létu af störfum nú í vor.

3. Nýjungar í skólastarfinu.

- a. Aukið samstarf við Hólabrekkuskóla. Öll börn í 1. og 2. bekk Hólabrekkuskóla fengu tónlistarkennslu í Tónskóla Sigursveins í Hraunbergi hjá Diljá Sigursveinsdóttur með sama hætti og var á síðasta skólaári. Árgöngunum er skipt í hópa þ.a. hver hópur fær tónlistarkennslu tvisvar í viku í 80 mín. í senn í u.þ.b. 6 vikur. Mikil ánægja var með kennsluna af hálfu skólayfirvalda, kennara og foreldra eins og fyrra árið. Kennslukostnaðurinn er greiddur af Tónskóla Sigursveins. Á Barnamenningarhátíð voru allir hóparnir kallaðir saman og flutt var söngdagskrá í Fella-og Hólakirkju, sem kallaðist „Ég heyri svo vel“. Meira en 100 börn sungu saman og tókst viðburðurinn frábærlega.
- b. Í vetur var einnig nemendum í 7. bekk er boðið upp á sama fyrirkomulag kennslu og stundafjölda í 1. og 2. bekk. Nemendurnir komu yfir í Tónskóla Sigursveins og tveir kennarar úr rytmísku deildinni Jóhann Ingi Benediktsson og Þorgrímur Jónsson sáu um kennsluna. Kennsla Jóhanns var greidd af Hólabrekkuskóla, þar sem hann varð að vera stundakennari, en kennsla Þorgríms af Tónskóla Sigursveins. Nemendur fá að prófa rafgítar, rafbassa, hljómborð og slagverk, auk þess að syngja, - og verkefni hværrar lotu er að útsetja og spila 2-3 lög sem flutt eru á tónleikum í lok hværrar fyrir

samnemendur ýmist í húsnæði Hólabrekkuskóla eða í Hraunbergi 2. Mikil ánægja var með kennsluna bæði meðal nemenda, kennara og stjórnenda í Hólabrekkuskóla.

- c. **Samstarf við Fjölbrautarskólann í Breiðholti.** Undirritaðir var samstarfssamningur við Fjölbrautarskólann í Breiðholti 10. ágúst þar sem Tónskóli Sigursveins tók að sér kennslu í 5 fein. sköpunaráfanga á haustönn, SKÖP2SL05. FB greiddi 1 milljón upp í kennslukostnaðinn við áfangann sem kenndur var fjórum sinnum í viku, klukkustund í senn í Hraunbergi 2. Fimm kennarar í rytmískri deild Tónskólans skipta með sér kennslunni. Kennslan hefur gekk mjög vel og mikil ánægja var meðal nemenda með áfangann. Því var boðið upp á bæði byrjunaráfanga og framhaldsáfanga á vorönninni og nýr samstarfssamningur gerður. Þeir áfangar gengu sömuleiðis mjög vel og lauk með stórskemmtilegur tónleikum. Búið er að skrá nemendur bæði í byrjunaráfanga og framhaldsáfanga næstu haustönn þ.a. að áframhald verður á samstarfinu.
- d. Nemendum Hólabrekkuskóla var boðið fiðlu- og sellónám á sérstökum afsláttarkjörum, 50.000 kr. fyrir hálf tíma einkatíma sem kenndur var á skólatíma í Hólabrekkuskóla. Því miður skilaði þetta góða tilboð ekki nema þremur nemendum alls en það er eitt af markmiðum átaksverkefnisins að fjölga nemendum í Breiðholti í tónlistarnámi.
- e. **Hvatningarverðlaun Tónskólans.** Svo vel tókst til með kennsluna í Hólabrekkuskóla og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti að kennurunum sem komu að þessari kennslu voru veitt hvatningarverðlaun á skólaslitum í vor en þeir eru Diljá Sigursveinsdóttir, Jakob Hagedorn Olsen, Jóhann Ingi Benediktsson, Þorgrímur Jónsson og Ingibjörg Friða Helgadóttir.
- f. **Hrekkjavaka í Hraunbergi.** Kennslustaður Tónskólans í Hraunbergið var skreyttur í anda Hrekkjarvöku og um 60 nemendum á frístundaheimilinu Hraunhólum boðið í heimsókn og að hlusta á tónlistarkennslu. Krakkarnir fóru inn í tímana í litlum hópum með umsjónarmönnum á frístundaheimilinu og tókst þetta mjög vel. Reikna má með að þessi skemmtilega kynning á Tónskólanum í Breiðholti verði fastur liður á næstu árum.
- g. **Jól á torgi.** Tónskóli Sigursveins stóð fyrir aðventuhátíð í samstarfi við Skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts, Kór Fella- og Hólabrekkuskóla og Kvæðamannafélagið Iðunni á torginu við Hraunbergið 4. des. Hugmyndin var að sameina krafta þeirra sem starfa að tónlistaruppeldi í efra Breiðholti, vekja athygli á starfinu og vera með skemmtilega jólastemmingu á torginu sem tókst prýðilega.
- h. **Raftónlistaráfangi.** Boðið var upp á kennslu í raftónlist í fyrsta skipti og luku fjórir nemendur áfanganum undir leiðsögn Hallvarðs Ásgeirssonar.
- i. **Vorprófstónleikar.** Haldnir voru vorprófstónleikar í stað hefðbundinna vorprófa sem hafa einungis verið fyrir nemendur sem lokið hafa M1 stigi (4. Stigi) og ekki taka stigspróf á vorönninni. Haldnir voru 6 vorprófstónleikar, - fyrir gítar, píanó, fiðlu, blásara og tvennir sellótónleikar. Kennarar nemenda setjast niður eftir tónleika og setja saman umsagnir um leik nemenda. Tónleikarnir tókust mjög vel, þátttaka var mjög góð og gaman var bæði fyrir lengra komna nemendur á sama hljóðfæri að koma fram og hlusta á hvorn annan, og einnig fyrir foreldra og kennara að heyra í mörgum nemendum á svipuðu stigi. Mjög góð fagleg umræða átti sér einnig stað á meðal kennaranna eftir tónleika sem er líka jákvætt.
- j. **Sellókór Tónskólans.** Stofnaður var sellókór 8 nemenda innan Strengjasveitar Tónskólans sem æfði á sama tíma og Strengjasveitin undir stjórn Kristínar Lárusdóttur og var það mjög skemmtileg viðbót við strengjasveitaflórana í skólanum.
- k. **Blaðlestrarhreysti píanónemenda.** Nemendur á grunnstigi hittust og æfðu sig í blaðlestri tveir eða þrír saman, ýmist við píanóið eða í ýmsum leikjum, - fyrirkomulagið er stöðvaþjálfun og höfðu krakkarnir gagn og gaman af.

1. **Píanóhringekjur.** Píanónemendum er skipt í hópa eftir námsstigum og myndaðar píanóhringekjur sem fluttar eru á tónleikum. Þetta er tilraun til að efla hópastarf í píanódeildinni og hefur tekist mjög vel, - m.a. var útvarpað frá einni æfingunni á Krakkarúv og tekin viðtöl við krakkana.

4. Yfirlit yfir starfsárið 2017-18

Að baki er viðburðaríkt starfsár með nánast samfelldri dagskrá tónleika, námskeiða eða annarra tónlistarviðburða innan og utan skólans.

- a. **Starfið í Hraunbergi 2.** Miklu meira starf fer fram í húsnaði skólans í Hraunbergi en undanfarin ár en þar fer fram tónlistarkennsla allra nemenda í 1. , 2. og 7. Bekk Hólabrekkuskóla og nemenda sem valið hafa tónlistaráfanga í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Höfuðstöðvar rytmísku deildarinnar eru í Hraunbergi og fimm hljómsveitir eru starfandi í rytmadeildinni. Í Hraunbergi æfa einnig þrjár af fjórum gítarsveitum skólans. Einnig eru þar Suzukihóptímar fyrir gítar og píanó.
- b. **Suzukideildin.** Í Tónskóla er mjög öflug Suzukideild þar sem kennt er á fiðlu, víólu, selló, píanó og gítar og börn læra eftir móðurmálsaðferð Suzuki. Börn hefja Suzukinám á aldrinum 3-5 ára, foreldrar taka virkan þátt í náminu og hóptímar gegna mikilvægu hlutverki. Nemendur ljúka námsáföngum með því að leika nokkur lög á tónleikum og fá umsögn fyrir og útskrifast þannig úr Suzuki kennslubókunum. Í vetur voru um 50 Suzuki útskriftir í Tónskólanum. Mikil gróska var í starfi Suzukikennara í vetur sem sinna starfsþróun af kappi en haldin var 170 manna evrópsk Suzukikennararáðstefna á Íslandi í apríl sl. Áhuginn og metnaðurinn sem Suzuki tónlistarkennarar sýna er til fyrirmyndar.
- c. **Barnameningarhátíð .** Tónskóli Sigursveins tók að þátt í Barnameningarhátíð í Reykjavík á ýmsa vegu. Leikskólaverkefnið er eitt af glæsilegri verkefnum sem er skipulagt og stýrt af Elfu Lilju Gísladóttur og fjármagnað af Tónskóla Sigursveins. Í vetur tóku 33 leikskólar og meira en 600 leikskólabörn þátt í verkefninu. Auk þess 70 forskólabörn í Tónskóla Sigursveins og 40 manna nemendahljómsveit. Flutt voru lög úr ýmsum leikritum sem áttu það sameiginlegt að vera öll eftir konur. Leikskólabörnin koma í heimsókn í Tónskóla Sigursveins og sungu við undirleik nemenda í Tónskólanum og fengu hljóðfærakynningu sem nemendur okkar sáu alfarið um. Lokahátíð verkefnis fór fram á opnardegi Barnameningarhátíð í Eldborgarsal Hörpu þar sem leikskólabörnin, forskólabörn og hljómsveit úr Tónskóla Sigursveins halda saman tvö tónleika.
- d. Annar stórvíðburður Tónskólans á Barnameningarhátíð var söngdagskrá sem bar heitið „Ég heyri svo vel“ en þar komu fram meira en 100 börn í 1. og 2. bekk Hólabrekkuskóla undir stjórn Diljár Sigursveinsdóttur og sungu fyrir foreldra, kennara og nemendur 18. Apríl í Fella- og Hólakirkju og tókst sá viðburður frábærlega.
- e. Í þriðja lagi tóku nokkrir nemendur úr Tónskóla Sigursveins þátt í Upptaktinum með góðum árangri og gítarsveit úr skólanum kom fram á tónleikum í Ráðhúsi Reykjavíkur á Barnameningarhátíð og flutti frumsamda tónlist bæði eftir einn nemanda sveitarinnar og sameiginlegt verkefni hópans sem kallaðist „Kennitölufلاك“
- f. **Hljómsveitastarf .** Mjög öflugt hljómsveitastarf er í Tónskóla Sigursveins. Í skólanum voru starfandi fjórar strengjasveitir, fjórar gítarsveitir og tveir flautukórar. Á þessu ári var samstarf við aðrar hljómsveitir áberandi. Árlega er myndað ein stór símfóníuhljómsveit í samstarfi við tónlistarskólana í

- Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, og kallast **Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna**. Hún starfar í janúar á hverju ári og í vetur var hin glæsilega 9. Sinfónía Dvorak flutt á tónleikum. Á tónleikunum lék einnig Árni Daníel Árnason nemandi í Tónskólanum einleik í trompetkonsert eftir Torelli.
- g. **Erlent samstarf.** Tvær erlendar nemendahljómsveitir heimsóttu Tónskólann í vetur, - önnur frá Hong Kong og hin frá Bandaríkjunum. Hljómsveitin frá Hong Kong hélt tónleika í sal Tónskólans og lék með Hljómsveit 3 og kynnti kínverskt hljóðfæri. Council Rock North Orchestra frá Filadelfíu hélt tónleika með Hljómsveit 3 og Strengjasveit Tónskólans í Seltjarnarneskirkju og einnig var boðið upp á stutt og skemmtilegt námskeið með Grétu Salóme. Á næsta skólaári mun Sinfóníuhljómsveit frá Austurríki heimsækja Tónskólann og halda tónleika með Strengjasveit Tónskólans. Tónskólinn mun einnig taka þátt í stóru norrænu samstarfsverkefni sem kallast Concerto grosso - Viking barokk.
- h. **Tónleikar.** Haldnir voru meira en 100 tónleikar á árinu, bæði stórir deildartónleikar í lok annar svo sem Strengjasveitatónleikar, Suzukitónleikar, Forskólatónleikar, Gítarsveitatónleikar, Tónleikar rytmadeildar, Píanó Plús tónleikar og jólatónleikar á Engjateigi, í Hraunbergi, í Árbæjarkirkju og í Hörpuhorni. Auk þess eru blandaði tónleikar reglulega allt árið sem kennarar geta skráð nemendur á. Píanóhringekjur fyrir nemendur á öllum stigum setja svip á tónleikahaldið. Einnig er gert ráð fyrir tónleikum nemendum einstakra kennara í annarlök. Í þemavikunni í febrúar koma allir nemendur skólans fram á 15 tónleikum en í vetur kusu nemendur sjálfir þema vetrarins sem var kvikmyndatónlist. Mörg kunnugleg stef hljómuðu þá vikuna, sérstaklega úr smiðju Disney. Í lok skólaárs voru haldnir 12 tónleikar á Degi Tónskólans og komu þar fram hátt í 350 nemendur. Kennaratónleikar voru haldnir í október þar sem fram komu Ólöf Sigursveinsdóttir, Grímur Helgason, Júlíana Indriðadóttir og Sigursveinn Magnússon.
- i. **Nótan.** Tónskóli Sigursveins tók þátt í Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, og nemendur skólans náðu frábærum árangri. Af þeim 10 atriðum sem hlutu viðurkenningu fyrir framúrskarandi tónlistarflutning voru þrjú úr Tónskóla Sigursveins atriði, öll úr flokki framhaldsnáms. Strengjakvartett skipaður Jóhönnu Brynju Ruminy, Ingibjörgu Ástu Guðmundsdóttur, Þórhildi Magnúsdóttur og Jóni Pétri Snæland hlaut viðurkenningu og tveir einleikarar, Bjargey Birgisdóttir fiðluleikari og Jón Ísak Ragnarsson gítarleikari. Bjargey og Jón Ísak voru einnig valin til að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna á næsta ári. Þess má geta að í vetur lék nemandi skólans María Emilía Garðarsdóttir, einn verðlaunahafa úr Nótunni í fyrra lék einleik með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í desember.
- j. **Masterklassar og framhaldsdeildin.** Í Tónskóla Sigursveins hefur verið mjög vel búið að nemendum sem hyggjast leggja tónlist fyrir sig og má nefna að boðið hefur verið upp á fjölda masterklassa fyrir framhaldsnemendur í vetur. Nicolla Lolli, Páll Palomares, Vera Panitsch og Guðný Guðmundsdóttir voru með fiðlu masterklassa. Auk þess buðu Auður Hafsteinsdóttir og Greta Guðnadóttir nemendum í miðnámi upp á masterklassa. Gunnar Kvaran var reglulega með selló masterclass fyrir framhaldsnemendur. Í Píanó Plús var líka boðið upp á masterklassa, m.a. hjá Peter Maté, Jane Ada Sutarjo og Barry Snyder. Hinn góði árangur framhaldsdeildarinnar endurspeglar m.a. í að stór hluti Ungsveitar Sinfóníunnar er skipaður nemendum úr Tónskóla Sigursveins.

- k. **Próf og aðrir námsáfangar.** Stór hluti nemenda lauk alls kyns námsáföngum á starfsárinu. Um 40 nemendur luku forskóla og hófu nám í hljóðfæraleik í haust. 191 nemendur luku stigsprófum og 51 Suzuki nemendur útskrifuðust úr Suzukibókum. Reikna má með að um 300 nemendur hafi lokið tónfræðigreinaþrófum. 10 nemendur luku framhaldsprófi í hljóðfæraleik. Anna Margrét Hraundal, gítarleikari, Árni Daníel Árnason, trompetleikari, Birgitta Björg Guðmarsdóttir, trompetleikari, Eyrún Arna Kristinsdóttir, píanóleikari, Johanna Brynja Ruminy, fiðluleikari, Jóhann Örn Thorarensen, fiðluleikari, María Emilía Garðarsdóttir, fiðluleikari, Matthías Pétursson, píanóleikari, Svava Hildur Bjarnadóttir, þverflautuleikari og Una Sóley Sævarsdóttir, píanóleikari. Árangur nemenda á framhaldsprófunum var mjög góður sem kom fram bæði í háum einkunnur og umsögnum prófdómara. Í mörgum tilfellum var framúrskarandi og tónleikarnir glæsilegir.
- l. **Dagur tónfræðinnar** var haldinn á haustönninni og þar var mikið um að nemendur fluttu frumsamda kvikmyndatónlist við myndbönd. **Tónfræðikeppni** var að venju í lok skólaárs.
- m. **Endurmenntunarferð kennara til Rómar 1.-5. nóvember.** Kennarar heimsóttu Conservatorio Santa Cecilia, skoðuðu Parco della Musica og Óperuna auk þess að njóta menningar og fornminja sem Róm býður upp á. Pamela De Sensi kennari við skólann skipulagði ferðina og voru kennara mjög ánægðir með hana.
5. **Skólanámskrá.** Unnið hefur verið í skilgreiningu á innanhússtigum á deildafundum og í vetur fengu deildarstjórar það verkefni að ljúka samantekt á þeim skilgreiningum sem birta á sem viðauka við skólanámskrá sem aðgengileg verður á heimasíðu skólans.
6. **Gerð gæðaviðmiða.** Unnið er að gerð gæðaviðmiða fyrir tónlistarskóla á skóla- og frístundasviði og hafa stjórnendur í Tónskólanum komið að þeirri vinnu.
7. **Áhrif kjarasamninga í febrúar 2017 á rekstur Tónskóla Sigursveins og afkomu ársins 2017.**

Í febrúar 2017 var loks samið við FT, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum eftir langa samningalotu, en samningar höfðu verið lausir í 15 mánuði. Þá höfðu kennarar í FT ekki fengið launahækkanir í tvö ár og dregist aftur úr kennurum í FÍH frá því í mars 2016. Talsverðar breytingar voru gerðar á röðun stjórnenda sem voru samhljóða í samningum FT og FÍH, - þar sem námsferill og starfsreynsla stjórnenda er metin en einnig voru aldursþrep felld niður og allir hækkaðir í efsta þrep sem þýddi talsverðar launahækkanir hjá yngri kennurum. Borgin óskaði eftir upplýsingum frá tónlistarskólunum um þrepahækkanir yngri kennara og um hækkanir stjórnenda, - menntun þeirra og starfsreynslu. Ekki er enn búið að gera upp þessar hækkanir við Tónskóla Sigursveins.

Kostnaður Tónskóla Sigursveins vegna kjarasamninganna á skólaárinu 2016-17 voru tæpar 28 milljónir. Þar af er kostnaðurinn vegna kennslu á grunn- og miðstigi 23, 7 milljón og á framhaldsstigi um 4,1 milljón. Hér er gert ráð fyrir að stjórnunarkostnaðurinn hvíli á grunn- og miðstigi. Í þjónustusamningum fyrir neðri stig (grunn- og miðstig) fyrir skólaárið 2016-17 er Tónskóla Sigursveins úthlutað 14.400 umreiknuðum heildarstundum en kennslan er skv. Tónalaunum 18.796 stundir og greiðir borgin því aðeins fyrir um 76% stundanna á neðri stigum. Í þjónustusamningi sem gerður var í mars 2017 fyrir skólaárið 2016-17 var upphæðin

160,7 milljónir þar sem ekki var búið að gera ráð fyrir kjarasamningshækkunum þó að uppfært Tónalaunaskjal sýndi að kennslukostnaðurinn yrði tæpar 217 milljónir og var þá bara búið að bæta við FT hækkununum. FÍH hækkarnir bættu tæpum 2 milljónum við hjá okkur. Ég sendi SFS mína útreikninga á hækkunum hjá okkur til viðmiðunar en fékk aldrei neinar upplýsingar um hversu mikinn hluta hækkanna borgin myndi greiða. Borgin greiddi t.d. aðeins 5,8 milljónir vegna eingreiðslunnar en kostnaðurinn hjá okkur var um 7,6 milljónir. Aðrar hækkarnir var ekki búið að meta.

8. Fundur með fulltrúum skóla- og frístundasviðs, Helga Grímssyni og Sigfríði Björnsdóttur 28. ágúst 2017

Eftirfarandi minnisblað var sent inn fyrir fundinn:

28. ágúst 2017

1. Bréf send SFS. Athugasemdir um kennslumagn fyrir Tónskóla Sigursveins rifjaðar upp og óskir um aukningu ítrekaðar.
 - a. 19. jan. 2017
 - b. 14. maí 2017
2. Tónefning í Breiðholti. Bréf sent 15. maí 2017.
 - a. Samstarf tónlistarskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Hvernig er hægt að efla samstarfið ?
3. Spurningar til SFS í tengslum við glærur af fundi 3. apríl sl.
 - a. Hvernig á að jafna aðgengi eftir hverfum ?
 - b. Hvernig er hægt að auka samstarf tónlistarskóla og grunnskóla ?
 - c. Hvar kemur fram aukinn stuðningur við þróunarstarf og sérverkefni ?
 - d. Hvar verður stefnt að aukningu kennslumagns ?
4. Fasteignagjöldin – Tónskólinn greiðir um 5 milljónir á ári, - um 10.000 kr. á hvern nemenda sem leggst á skólagjöldin. Umsókn um lækkun var hafnað.
5. Útreikningur kjarasamningshækkana vegna grunn- og miðstigs. Hvenær verður þeim lokið ? Hvað er eftir ?
6. Hækkun á framlögum úr jöfnunarsjóði vegna kjarasamningshækkana. Hvar
7. Úthlutun úr jöfnunarsjóði fyrir 2017-18.
8. Galli á reglum um jöfnunarsjóð: Aðeins söngnemendur geta fengið píanónám greitt af jöfnunarsjóði en ekki þeir hljóðfæranemendur á framhaldsstigi sem þurfa jafn mikið á slíku námi að halda ef þeir ætla í tónlistarháskóla. Nemendur fá MÍT fá einnig einkatíma á aukahljóðfæri.
9. Samanburður á framlögum til tónlistarskólanna og skólalúðrasveitanna í Reykjavík – framlög á nemanda.
10. Hagkvæmni í rekstri. Horfa borgaryfirvöld ekkert á þann þátt við mat á framlögum við gerð þjónustusamninga ?
11. Mat á námsframboði tónlistarskólanna.
12. Biðlistar í tónlistarskólana.

Bréf frá 15. maí 2017 sent skóla- og frístundasviði

Umsókn um aukið kennslumagn fyrir Tónskóla Sigursveins við gerð þjónustusamninga vegna neðri stiga tónlistarnáms fyrir skólaárin 2017-2020.

Ástæður umsóknarinnar eru margþættar en í megindráttum tvær:

1. Tónskóli Sigursveins hefur undanfarið kennt talsvert fleiri stundir á grunn- og miðstigi en þær kennslustundir sem hann hefur fengið úthlutað. Nýlegar kjarasamningshækkarnir þyngja róðurinn fyrir skólann þar sem aðeins hluti hækkanna kemur fram í auknu fjárframlagi frá Reykjavíkurborg.
2. Tónskóli Sigursveins starfar í þeim hverfum þar sem þátttaka í tónlistarnámi er minnst, þ.e. er í Laugardal og Breiðholti, og þar ætti síst að draga úr aðgengi nemenda að tónlistarnámi. Tónskóli

Sigursveins stefnir að því að auka þátttöku nemenda í efra Breiðholti í tónlistarnámi á kerfisbundinn hátt næsta vetur með samstarfi við Hólabrekkuskóla og Fjölbautarskólann í Breiðholti. Gerð er grein fyrir því átaksverkefninu í meðfylgjandi grein „El Sistema í efra Breiðholti.

Fjölmeðgöng rök eru fyrir því að auka kennslumagnið og það fjármagn sem Tónskóla Sigursveins er úthlutað frá Reykjavíkurborg

1. Tónskóli Sigursveins uppfyllir flest af þeim markmiðum Reykjavíkurborgar sem sett voru fram á samráðsfundi með tónlistarskólalastjórum í Reykjavík 3. apríl sl. t.d. varðandi jöfnuð og fjölbreytni. Sem dæmi má nefna að Tónskóli Sigursveins bauð öllum börnum í 1. og 2. bekk í Hólabrekkuskóla upp á tónlistarkennslu skólaárið 2016-17.
2. Tónskóli Sigursveins er langstærsti skólinn í Reykjavík með sérstaklega fjölbreytt námsframboð og hagstæðasta reksturinn sem kemur fram í að kostnaður á hvern nemenda er lítill þrátt fyrir mikið námsframboð og mikil gæði.
3. Tónskóli Sigursveins hefur verið í fararbroddi þegar kemur að samstarfi við aðrar skólagerðir eins og t.d. í leikskólaverkefninu sem hefur verið stjórnað og fjármagnað af Tónskóla Sigursveins sl. 6 ár sem meira en 20 leikskólar í Reykjavík njóta góðs af.
4. Lögð er áhersla á nýjungar í skólastarfi og faglega þróun.
5. Tónskóli Sigursveins hefur leitað eftir samvinnu við aðra tónlistarskóla í því skyni að nýta betur fjármagn og sameiginlega starfskrafta skólanna í framboði á hóptímum t.d. í Suzukikennslu. Tónskóli Sigursveins er líka í samstarfi við Tónmenntaskólann og Skólaus varðandi hljómsveitarstarf.
6. Ítrekað er allt sem kom fram í bréfi dags. 17. janúar 2017 þar sem óskað var eftir endurskoðun á úthlutuðu kennslumagni til Tónskóla Sigursveins.

Óskað er eftir gagnsæi í fjáruúthlutun Reykjavíkurborgar til tónlistarskólanna. Áhugavert væri að bera saman kostnað á hvern nemenda í tónlistarskólum í Reykjavík með tilliti til þess hvað nemandanum stendur til boða. Ekki er ásettlegt við úthlutun á opinberu fé að ekki sé rýnt betur í hagkvæmni og gæði. Tónskóli Sigursveins hefur aldrei í meira en 50 ára sögu sinni notið þess að hafa verið vel rekinn, né þess að hafa vaxið og verið í fararbroddi í samstarfi við aðrar skólagerðir.

Í fundargerð Sigfríðar kom fram að farið hefði verið yfir stór verkefni skólans, og ósk um að skoðuð sé sérstaða skólans og kennslumagn aukið. Ég hefði spurt út í það hvernig rammi ætti að vera þegar tónlistarskóli og grunnskóli vinna saman? Tónskóli Sigursveins væri að byggja upp öflugt samstarf. Helgi fór yfir markmiðin og tók undir um hversu gott starf er að ræða.

Helgi sagði vilja skoða hvernig mætti byggja undir tónlistarnámið í hverfinu og sagði SFS vera að skoða næstu skref. Fundurinn dugði ekki til að reifa nema hluta af þeim atriðum sem komið höfðu fram í gögnum sem send höfðu verið inn fyrir fundinn. Helgi sagði að formlegt svar við fyrirspurn frá skólanum yrði sent til hans

Þjónustusamningar undirritaðir. Ekkert formlegt svar við fyrirspurn skólans um aukið kennslumagn barst frá skóla- og frístundasviði og í lok september var þess krafist að gengið yrði frá þjónustusamningum við Tónskóla Sigursveins ella yrðu ekki greidd framlög fyrir laununum 30. september. Einnig var ég beðin um að fylla út nýtt skjalón sem væri almenn fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sem sýna ætti að skólinn væri rekstrarhæfur. Reykjavíkurborg hefur samt ekki ennþá reiknað út áhrif kjarasamninganna að fullu og til dæmis á enn eftir að greiða uppbót vegna hækkana stjórnenda í tónlistarskólunum og þrepahækkunar yngri kennara í síðustu samningum, - og því borið við að ekki liggi fyrir upplýsingar um þessar hækkunar frá öllum tónlistarskólunum.

9. Þjónustusamningar við Reykjavíkurborg fyrir 2017-2020

Ég undirritaði þjónustusamning vegna neðri stig tónlistarnáms fyrir næstu þrjú ár – sem gildir til 31. júlí 2020 upp á nákvæmlega sama lágmarksstundafjölda á ári og var í fyrra, eða 14.401 nemendastund. Árlegt framlag er 184.548.015 kr. en þar hefur ekki verið gert ráð fyrir kjarasamningshækkunum að fullu. Skv. tónalaunum fyrir skólaárið 2017-18 eru umreiknaðar heildarstundir á neðri stigum 17.951

og kennslukostnaðurinn 216.820.843 en geta má þess að þar er gert ráð fyrir 7 milljóna framlagi úr öðrum sveitarfélögum.

Þjónustusamningurinn fyrir efri stigin er til eins árs og var það áfall að sjá hversu lágt framlagið var fyrir framhaldsstigið og söngnám á miðstigi (bara 2 nemendur) eða 38.688.727 kr. en framlag úr jöfnunarsjóði miðast við umreiknaðar heildarstundir skólaárið 2016-17, sem var skv. tónalaunaskjalinu um 4000 stundir og nánast það sama er áætlað í tónalaunaskjalinu fyrir 2017-18 og er áætlaður kennslukostnaður þar 50 milljónir. Úthlutun jöfnunarsjóðs tekur ekki mið af heildarfjölda kennslustunda á framhaldsstigi og miðnámi í söng eins þær eru reiknaðar í tónalaunaskjalinu heldur reiknireglu sem notuð er í jöfnunarsjóðsskjali sem tónlistarskólarnir skiluðu í mars og þar er fjöldi stunda reiknaður eins og segir í reglum um framlög úr jöfnunarsjóði „ Við kennslueiningar í aðalnámsgreinum (hljóðfæraleik/söngnám) er bætt hlutdeild þessara námsstiga í aukánámsgreinum í sömu hlutföllum“. Það verður að teljast afar óheppilegt að stundir fyrir efri stig séu ekki metnar á sama hátt í tónalaunaskjölunum og jöfnunarsjóðsskjölunum, og er munurinn í Tónskóla Sigursveins um 600 stundir, - aðeins var gengið út frá um 3400 stundum skv. jöfnunarsjóðskjalinu til að ákveða úthlutunina fyrir árið 2017-18.

Það sem kom þó enn meira á óvart var að framlagið skyldi ekki aukast ekki bara til Tónskóla Sigursveins heldur til allra tónlistarskólanna sem úthlutað er til úr jöfnunarsjóði eftir að 200 nemendur í MÍT fóru út úr kerfinu. Það var tilefni til þess að skoða áætluð framlög til tónlistarskólanna skólaárið 2017-18.

Eftirfarandi bréf var sent jöfnunarsjóði 10. okt. sl.

Ósk um upplýsingar sem liggja að baki úthlutunum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulagsins um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Athugasemdir við áætlaða úthlutun fyrir skólaárið 2017-18 og spurningar varðandi úthlutunaraðferðina.

Fylgigögn: Samanburður á úthlutunum árin 2015, 2016 og 2017

Úthlutanir úr Jöfnunarsjóði fyrir skólaárin 2015-16 og 2016-17 eru áþekkar og engar sérstakar breytingar þar að sjá enda má reikna með að fjöldi framhaldsnemenda sé nokkuð stöðugur milli ára innan skólanna.

Í áætlaðri úthlutun fyrir árið 2017-18 eru hins vegar miklar breytingar. Fyrirfram var reiknað með að heildarstundum myndi fækka sem næmi þeim 200 nemendum sem fóru út úr kerfinu vegna stofnunar Menntaskóla í tónlist og þá hefðu framlög eðlilega hækkað nokkuð jafnt til allra tónlistarskóla sem áfram fá framlög úr jöfnunarsjóði vegna framhaldsnemenda og söngnemenda, - að því gefnu að stundafjöldinn sem þeir kenndu væri svipaður frá ári til árs. Það er hins vegar ekki raunin þegar framlögin fyrir skólaárið 2017-18 eru skoðuð. Breytingarnar eru það miklar að ástæða er til að skoða hvort úthlutunin sé hreinlega rétt, - hvort það hafi verið gerð mistök í upplýsingagjöfni sem úthlutunin grundvallast á eða hvort ákveðin sveitarfélög hafi ákveðið að auka stórkostlega tónlistarkennslu á framhaldsstigi og/eða í söngnámi árið 2016-17 vitandi að það myndi skila auknum framlögum úr jöfnunarsjóði árið eftir.

Í framhaldi af þessu vakna ýmsar spurningar varðandi úthlutunina til tónlistarskólanna almennt, svo sem hvort ekki þurfi skýrari reglur og ramma sem myndu tryggja meiri sanngirni og jöfnuð í stuðningi við tónlistarnám á framhaldsstigi og miðnámi í söng.

Nýjar reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði voru samþykktar 2016 og skv. 3. grein ber sveitarfélögum að yfirfara upplýsingar frá tónlistarskólum um kennslumagn á yfirstandandi skólaári og senda til Jöfnunarsjóðs fyrir 15. mars ár hvert. Þær upplýsingar eru ígildi umsókna sveitarfélaga um framlög fyrir næsta skólaár. Í 5. grein stendur „Komi í ljós verulegar breytingar á kennslumagni milli skólaára, við yfirferð upplýsinga frá sveitarfélögum, sbr. 2 mgr. 3.gr. , er jöfnunarsjóði heimilt að leita skýringa hjá sveitarfélögum þar að lútandi. Ef framlög til sveitarfélags hafa verið greidd á grundvelli rangra upplýsinga skal gerð leiðrétting áður en kemur til lokagreiðslu framlags fyrir viðkomandi skólaár ...“

Hefur jöfnunarsjóður leitað skýringa á verulegum breytingum sem greinilega hafa orðið í ýmsum sveitarfélögum og endurspeglast í auknum framlögum skólaárið 2017-18 sem sjá má í meðfylgjandi samanburðartöflu ?

Ástæða er til að skoða nemendafjölda í þessu sambandi og bera saman framlög á nemanda í mismunandi tónlistarskólum.

Þá má spyrja hvort ekki væri eðlilegt að settur verði einhver rammi um kennslustundafjölda eða framlög á nemanda ?

Er ekki ástæða til að endurskoða úthlutunarreglurnar með sanngirni og jöfnuð að leiðarljósi bæði hvað varðar nemendur og tónlistarskóla. Dæmi um mismunum er að píanónám söngnemenda heyrir undir jöfnunarsjóð en ekki þegar píanó er aukahljóðfæri hljóðfæranemenda á framhaldsstigi. Að gera ráð fyrir að aukanámsgreinar dreifist hlutfallslega jafnt eftir stigum innan skóla er líka ósanngjarnt og kemur fram þegar borinn er saman stundafjöldinn í tónalaunaskjali Reykjavíkurborgar og jöfnunarsjóðsskjalinu.

Er ekki ástæða til að hafa eftirlit með upplýsingagjöfni frá tónlistarskólunum og sveitarfélögum ?

Óskað er eftir upplýsingum um fjölda tónlistarnema í þeim sveitarfélögum sem fá úthlutun úr jöfnunarsjóði, - annars vegar nemenda á framhaldsstigi í tónlist og hins vegar söngnemenda á miðstigi.

Þegar hefur verið óskað eftir upplýsingum frá Reykjavíkurborg um hvernig upphæðin sem fer til Reykjavíkur, 254.819.287 kr. skiptist á milli tónlistarskólanna þar. Óskað var eftir upplýsingum um stundafjöldann sem úthlutunin tekur mið af og nemendafjölda bæði á framhaldsstigi og einnig á miðstigi í söng í einstökum tónlistarskólum.

- 10. Krafa lífeyrisjóðsins Brúar vegna lífeyrisskuldbindinga við félagi í A-deild sjóðsins.** Kröfur í jafnvæggissjóð og varúðarsjóð eru samanlagt upp á 27 milljónir. Auk þess hefur verið greitt 4,5 % viðbótariðgjald fyrir A-deildar félagi frá 1. júní 2017 og hefur sá kostnaðarauki verið um 1,8 milljón á tímabilinu 1. júní -31. desember 2017. Síðustu fréttir af Brúarmálinu eru svar framkvæmdastjórans Gerðar Guðjónsdóttur við beiðni um greiðslufrest var í tölvuskeyti 17. apríl þar sem hún segir að verið sé að þrýsta á málið og hún láti vita strax og eitthvað gerist.

Hér lýkur greinargerð skólastjóra um starfsárið 2017-18

Júlíana Rún Indriðadóttir